# MYLLULÆKUR í landi Stórulágar í Sveitarfélaginu Hornafirði

## Deiliskipulag frístundabyggðar




Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000




Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 m.s.br. í mkv. 1:50.000

## GREINARGERÐ

### 1. INNGANGUR

Deiliskipulagið nær yfir rúmlega 11,3 ha landspildu úr landi Stórulágar 2 Myllulæks (landnr. 223981) í Sveitarfélaginu Hornafirði. Deiliskipulagið tekur til 12 lóða á frístundasvæði (F9) auk tjaldsvæðis meðfram Myllulæk að norðanverðu. Í gildi er deiliskipulag á svæðinu frá október 1994, sem unnið var af KÍM sf, teiknistofu, og fellur það úr gildi með gildistöku þessa deiliskipulags.
Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030 er gert ráð fyrir 12 lóðum á frístundasvæðinu. Breyting á aðalskiuplaginu, þar sem heimilað er tjaldsvæði á frístundasvæðinu, er í vinnslu. Um er að ræða minniháttar breytingu á aðalskipulaginu.

**Skipulagssvæðið**
Skipulagssvæðið liggur um 10 km norðan við Höfn, skammt vestan við núverandi þjóðveg nr. 1 og er rúmlega 11,3 ha. Svæðið er norðan Myllulækjar, að mestu gróið en gróður er fremur rýr á hluta svæðisins. Stakir klettar eru á svæðinu og klettaholt liggur í gegnum svæðið frá norðaustri til suðvesturs. Ofan klettaholtsins er landið fremur þurrt þó einstaka bleytur séu þar en neðan við holtið er landið blautara. Landið hallar lítillega til suðurs og suðvesturs niður að Myllulæk. Landið hefur verið nýtt til frístundabyggðar og til beitar.

**Kortagrunnar**
Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitsetning: ISN93.

**Skipulagsgögn**
i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000 sem sýnir nýjar lóðir, hugmyndir að staðsetningu byggingarreita, tjaldsvæði og aðkomu að svæðinu.
ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:15.000 sem sýnir skipulagssvæðið innan jarðarinnar.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsuppdrætti Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030.

**Fornminjar**
Fornleifar innan skipulagssvæðisins voru kannaðar á vettvangi í mars og apríl 2018. Þrjár minjar eru á svæðinu og garðlag er næst skipulagssvæðinu. Niðurstöður vettvangsathugunar eru í skýrslu sem ber heitið "Myllulækur í landi Stórulágar, Sveitarfélaginu Hornafirði, Deiliskráning" dags. í apríl 2018.

**Umsagnaraðilar**
Tillaga verður m.a. send til umsagnar eftirtalinna aðila; Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðin, Náttúrustofa Suðausturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands.

### 2. LÝSING DEILISKIPULAGS

**Aðkoma**
Aðkoma er af núverandi þjóðvegi nr. 1 og um núverandi veg. Lagður verður nýr vegur um tjaldsvæðið meðfram Myllulæk.

**Lóðir**
Skipulagðar eru 11 lóðir fyrir frístundahús og ein lóð fyrir þjónustumiðstöð. Lóðir eru á bilinu 3.100 – 3.700 m² að stærð. Byggingarreitir eru innan lóða.

**Byggingar**
Á lóðum 1-3 og 5-12 er heimilt að byggja allt að 100 m² frístundahús.
Á lóð 4 er heimilt að byggja allt að 200 m² þjónustuhús.
Innan byggingarreits B1 er heimilt að byggja allt að 50 m² dæluhús, salernisaðstöðu og sameiginlegt hreinsivirki frárennslis.
Mænisstefna er í megindráttum A-V. Mænishæð bygginga getur verið allt að 6,5 m m.v. hæð gólfplötu. Gólfplata skal vera að hámarki 30 cm ofan við jarðvegsyfirborð. Efnisval skal vera vandað. Reynt verður að fella byggingar sem best að landi. Vanda skal frágang bygginga, bílastæða og lóða. Forðast skal áberandi útilýsingu.

**Veitur**
Neysluvatn verður tekið úr vatnsbóli Stórulágar á Gildrumýri. Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki sem er innan byggingarreits B1. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni en sorpgámur verður staðsettur innan svæðis.

**Uppgræðsla og ræktun**
Gert er ráð fyrir að lóðarhafar geti plantað trjám á lóðum einkum með það að markmiði að skýla húsum fyrir norðlægum vindáttum. Sunnan hvers húss skal vera opið svæði þannig að útsýni fái notið sín. Þá er gert ráð fyrir að trjágróður og manir afmarki flatir innan tjaldsvæðis.

### 3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Hönnun og uppdrættir
Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

### 4. UMHVERFISÁHRIF

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 er stefnt að því að stundaður verði landbúnaður og ferðaþjónusta í auknum mæli í dreifbýlinu og hugað að sérstöðu náttúrunnar. Mannvirki skulu falla að byggðamynstri, séu víkjandi í landslagi og taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna þar sem ekki er byggð fyrir. Mannvirki skulu vera vönduð.

Áhrif á náttúru og gróður eru metin óveruleg til lengri tíma litið. Skipulagið leiðir til styrkingar tekjustofna sveitarfélagsins og stuðlar að styrkingu byggðar þar sem eftirspurn eftir afþreyingu og þjónustu kemur líklega til með að aukast. Þá stuðlar skipulagið að bættri þjónustu við ferðafólk. Samfélagsleg áhrif eru því metin jákvæð. Áhrif á landslag og ásýnd verða nokkur en þar sem svæðið er byggt að hluta eru áhrifin metin óveruleg. Draga má úr ásýndaráhrifum með því að fella byggingar sem best að landi. Umferð um svæðið kemur líklega til með að aukast með tilkomu tjaldsvæðisins. Áhrif á heilsu og öryggi og þá einkum á umferðaröryggi eru því metin óverulega neikvæð en rykmengun og umferðarniður getur einnig orðið meiri. Skipulagið hefur ekki áhrif á þekktar minjar eða verndarsvæði.

### 5. BREYTING AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU

Skerpt er á umfjöllun um fornminjar og þær sýndar á uppdráttum.




Skýringaruppdráttur í mkv. 1:15.000

**HNIT lóða í ISN93**

| Nr. | Austur | Norður |
|---|---|---|
| 1 | 680895.27 | 432945.22 |
| 2 | 680847.81 | 432983.55 |
| 3 | 680808.16 | 432944.87 |
| 4 | 680860.71 | 432902.43 |
| 5 | 680828.84 | 432863.91 |
| 6 | 680772.12 | 432909.71 |
| 7 | 680752.64 | 432885.60 |
| 8 | 680758.50 | 432830.52 |
| 9 | 680718.58 | 432818.27 |
| 10 | 680724.30 | 432764.51 |
| 11 | 680697.59 | 432744.96 |
| 12 | 680652.92 | 432712.27 |
| 13 | 680634.41 | 432698.73 |
| 14 | 680603.53 | 432660.48 |
| 15 | 680572.93 | 432674.00 |
| 16 | 680597.41 | 432729.30 |
| 17 | 680619.48 | 432731.65 |
| 18 | 680618.60 | 432739.99 |
| 19 | 680618.37 | 432742.09 |
| 20 | 680646.33 | 432776.72 |
| 21 | 680652.71 | 432771.56 |
| 22 | 680697.11 | 432825.20 |
| 23 | 680844.56 | 433024.09 |
| 24 | 680789.71 | 433068.39 |
| 25 | 680755.16 | 433025.60 |

**HNIT lóða í ISN93**

| Nr. | Austur | Norður |
|---|---|---|
| 26 | 680806.41 | 432984.20 |
| 27 | 680768.26 | 432944.32 |
| 28 | 680720.60 | 432982.81 |
| 29 | 680686.05 | 432940.02 |
| 30 | 680731.17 | 432903.58 |
| 31 | 680721.46 | 432891.55 |
| 32 | 680666.57 | 432915.90 |
| 33 | 680630.76 | 432871.55 |
| 34 | 680690.85 | 432844.90 |
| 35 | 680676.09 | 432826.61 |
| 36 | 680675.17 | 432835.47 |
| 37 | 680621.02 | 432859.50 |
| 38 | 680591.18 | 432822.54 |
| 39 | 680640.58 | 432782.65 |
| 40 | 680635.87 | 432776.81 |
| 41 | 680631.59 | 432780.27 |
| 42 | 680601.74 | 432743.31 |
| 43 | 680556.62 | 432779.75 |

**Hnit byggingarreits fyrir hreinsivirki í ISN93**

| Nr. | Austur | Norður |
|---|---|---|
| A | 680686.80 | 432703.01 |
| B | 680674.08 | 432687.58 |
| C | 680689.52 | 432674.86 |
| D | 680702.24 | 432690.30 |

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. ________

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá________ til ________

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar
þann __________

________________________________________
F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi meðauglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _______

EFLA

STÓRULÁG Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR

| | | |
|---|---|---|
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.efla.is | Verk: 7708 DF159<br>Mkv: 1:2.000/1:15.000<br>Blaðstærð: A2 | Dags: 14.02.2018<br>Breytt: 26.04.2018 |
| Hannað: GG<br>Teiknað: GLS | Samþykkt: | |